

27. janúar 2005

## Enska fyrir félagsmenn BSRB – hefst núna!

Námskeiðin eru fyrir fólk sem hefur nokkra undirstöðukunnáttu í ensku, en vill treysta grunninn og byggja ofan á hann. Áhersla er á talað mál.

### 30 kennslustundir / 20 klukkustundir

- **Tími:** Mánud. og miðvikud. 7., 9., 14., 16., 21. og 23. og 28. feb. og 2. mars kl 17 - 19:30 (8 skipti) **eða** mánud. og miðvikud. 4., 6., 11., 13., 18., 20., 25. og 27. apríl kl 17 - 19:30 (8 skipti)
- **Lýsing:** Megináhersla er lögð á talmál, að byggja upp orðaforða og grunnatriði málfræði. Gerðar eru talæfingar og framburður æfður. Farið er í samtalsleiki og einnig æfingar í upplestri. Markmiðið er m.a. að nemendur geti átt óformleg, skrifleg samskipti á ensku við t.d. tölvu- eða bréfasamskipti. Kennari dreifir námsefni.
- **Kennari:** Hallfríður Þórarinsdóttir er mannfræðingur bjó til margra ára í New York borg og kenndi þar við háskóla. Hér heima hefur hún starfað við símenntun fullorðinna og haldið fjölda námskeiða.
- **Verð:** 18.000.- Kennt verður í Fjölbrautaskólnum við Ármúla, stofu M32.

### 60 kennslustundir / 40 klukkustundir – einingabært nám í framh.sk.

- **Tími :** Þriðjud. og fimmtud. 8., 10., 15., 17., 22. og 24. feb. og 1., 3., 8., 10., 15., 17., 29. og 31. mars og 5. og 7. apríl kl. 17-19:30 (16 skipti).
- **Lýsing:** Áhersla er lögð á undirstöðuatriði enskrar tungu, lestur, orðaforða, ritun, hlustun og málfræði. Farið er í helstu málfræðiatríði sem nemendur eiga að hafa á valdi sínu við lok grunnskólanáms. Lögð er áhersla á lestur með lestri skáldsagna, til að byggja upp orðaforða og auka máltilfinningu. Kennslan fer að miklu leyti fram á ensku þannig að nemendur þjálfast bæði í að tala og skilja málið. Heimavinna er í námskeiðinu. Nemendur kaupa námsbækur sjálfir.
- **Lesefni:** Fast Track to FCE (Coursebook) Kaflar 1-6  
Ný ensk málfræði fyrir framhaldsskóla (Mál og menning)  
20th Century English Short Stories (Longman) Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að enskri orðabók. .Kjörbækur til lestrar verða kynntar síðar.
- **Kennari:** Beth Unger, hagfræðingur, flutti til Íslands frá Bandaríkjunum árið 2003 og hóf fljótlega enskukennslu í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Áður hafði hún reynslu af að kenna sem sjálfboðaliði í Wilmington, North Carolina,.
- **Verð:** 33.000 Kennt verður í Fjölbrautaskólnum við Ármúla, stofu M32.

Nánar á [www.framvegis.is](http://www.framvegis.is) og í síma 581-4914



Kannaðu líka rétt þinn til endurgreiðslu námskeiðsgjalda hjá félaginu þínu